



Hjúkrun í fararbroddi

Ráðstefna á vegum Rannsóknastofnunar í Hjúkrunarfræði
við Háskóla Íslands

15. janúar 2014

Þann 15. janúar 2014 verður haldin ráðstefnan „Hjúkrun í fararbroddi“ á vegum Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði. Ráðstefnan er að þessu sinni tileinkuð doktor Guðrúnu Marteinsdóttur sem var dósent í Námsbraut í hjúkrunarfræði og ein af fyrstu fastráðnu kennurum. Guðrún var í doktorsnámi við Háskólann í Rhode Island þar sem hún vann að rannsókn um áhugahvöt meðal kvenna til líkamsþjálfunar og var langt komin með það verk þegar hún lést árið 1994.

Guðrún kenndi heilsugæslu og stjórnun. Hún var frumkvöðull meðal íslenskra hjúkrunarfræðinga á sviði heilsugæslu og fjölskylduhjúkrunar. Guðrún var vinsæll kennari og er hennar minnst fyrir glaðværð, mildi og ekki síst metnað fyrir hönd hjúkrunarfræði og hjúkrunarfræðinga.

Herdís Sveinsdóttir prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands verður með megin erindi á ráðstefnunni sem ber heitið "Góðar og blessaðar tíðir": Um blæðingar kvenna og önnur kvennamál.

Útdráttir fyrir erindi, veggspjöld og vinnusmiðjur skulu vera að hámarki 250 orð og skal skipta efninu niður í: Inngang, aðferð, niðurstöður/meginmál og ályktanir. Útdráttum skal skilað eigi síðar en **15. desember** á netfangið margbjo@hi.is. Reiknað er með að hvert erindi taki 15 mínútur og þar af eru 5 mínútur í umræður.

Kennarar, doktorsnemendur í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði, meistaramenntaðir hjúkrunarfræðingar og ljósmæður eru hvattir til þess að senda inn ágreip

Ekkert skráningargjald er á ráðstefnuna en nauðsynlegt er að skrá sig.

Skráning fer fram á:

<https://ugla.hi.is/K2/eydublad.php?sid=135&fid=6238>

Bestu kveðjur fyrir hönd RSH,
Margrét Björnsdóttir